

VII. KAFLI
 Ýmis ákvæði.

22. gr.

Heilbrigðismálaráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum Geislavarna ríkisins, að það, sem segir í lögum þessum um jónandi geislun, skuli einnig gilda að fullu eða að hluta um ekki-jónandi geislun.

Með ekki-jónandi geislun er átt við útfjólubláa geislun, laser-geislun, örbylgjugeislun eða aðra geislun sem hefur hliðstæð líffræðileg áhrif.

23. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsað með sektum eða varðhaldi séu sakir miklar. Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið að hætti opinberra mála.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 95 1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun frá geislavirkum efnum eða geislatakjum, með síðari breytingum, svo og ósamrýmanleg ákvæði 1., 3., 9., 17. og 19. gr. laga nr. 109 1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981,
 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 1. tölul. E-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Vaxtagjöld vegna annarra skulda en fasteignaveðlána til a.m.k. tveggja ára eða skulda við lánastofnanir með sjálfskuldarábyrgð til a.m.k. tveggja ára er þó einungis heimilt að draga frá tekjum:

- Að því er íbúðar kaup eða endurbætur varðar á næstu 4 skattárum talið frá og með kaupári eða því ári er endurbætur eiga sér stað.
- Að því er nýbyggingar varðar á næstu 7 skattárum talið frá og með því ári sem bygging er hafin á eða til og með því ári sem húsnæðið er tekið til íbúðar ef það er síðar.

2. gr.

1. tölul. 1. mgr. 51. gr. laganna orðist svo:

Vextir af skuldum, föstum og lausum, þar með taldir dráttarvextir. Til vaxtagjalda má og telja lántökukostnað, árlegan eða tímabundinn fastakostnað, þóknanir, stimpilgjöld og þinglýsingarkostnað af lánnum. Með vaxtagjöldum í þessu sambandi teljast og áfallnar verðbætur á höfuðstól og vexti.

3. gr.

Í stað „975 000 kr.“ í 83. gr. laganna (sbr. 7. gr. laga nr. 121/1984) komi: 917 647 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1986 vegna tekna ársins 1985 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Við álagningu tekjuskatts á árinu 1986 vegna tekna ársins 1985 skulu skattskyldum aðilum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. heimil tillög í varasjóð í stað tillaga til fjárfestingarsjóðs samkvæmt 11. tölul. 31. gr. Hámark varasjóðstillags þessara aðila skal vera 25% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum samkvæmt II. kafla hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—10. tölul. 31. gr. Öll ákvæði laga nr. 75/1981 varðandi varasjóð skulu gilda varðandi þessi varasjóðstillög uns varasjóði hefur verið ráðstafað að fullu.

II

Þeim mönnum, sem keyptu eða byggðu íbúðarhúsnæði til eigin nota á árunum 1979 til 1982, er heimilt að draga frá tekjum sínum vexti í samræmi við 1. tölul. E-liðs 1. mgr. 30. gr. af lánnum sem stofnað er til á árunum 1985 eða 1986 enda sé lánnum þessum varið til skuldbreytingar á skuldum sem stofnað var til vegna öflunar á íbúðarhúsnæðinu. Hið nýja lán skal vera til 8 ára eða lengri tíma og tryggt með veði í fasteign.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.